

ekki þykir felast í lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, nægileg heimild til að dæma í sektir fyrir brot á vinnusamningum, verður krafa þessi ekki tekin til greina.

Samkvæmt framangreindum málsúrslitum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 300.00 í málskostnað.

Þvi dæmist rétt vera:

1. Framangreindur samningur milli aðilja máls þessa, dags. 18. júlí 1939, fullnægir skilyrðum 6. gr. laga nr. 80/1938, um vinnusamninga, og gilda um hann ákvæði nefndrar greinar.
2. Stefnanda, Þorkeli Ingibergssyni, er heimilt að vinna sjálfum við verk þau, er falla undir 1. lið framan- greinds samnings.
3. Stefndi á að vera sýkn af sektakröfu stefnanda í máli þessu.
4. Stefndi, Sveinafélag múrara í Reykjavík, greiði stefnanda, Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Þorkels Ingibergssonar, kr. 1000.00 og kr. 300.00 í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 4. júní 1940.

Nr. 11/1939. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Ásmundar Vilhjálmssonar**
 gegn
Sveinafélagi múrara.

Ágreiningur um það, hvort stofnast hafi vinnusamningur og um rétt meistara til þess að vinna með sveinum sínum.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 15. september f. á., af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Ásmundar Vilhjálmssonar, múrarameistara, Seljaveg 5 hér í bæ, gegn Sveinafélagi múrara hér í bæ.

Málavextir eru þessir:

Hinn 30. júní 1938 ... (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939, uppkveðinn 21. maí 1940 bls. 53) ... Ásmundur Vilhjálmsson 18. júlí ... sveinafélaginu.

Í máli þessu gerir stefnandi eftirfarandi dómkröfur:

1. (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939 bls. 54.)
2. (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939.)

Í stefnu gerði stefnandi og kröfu til skaðabóta úr hendi stefnda, en undir rekstri málsins var fallið frá þeirri kröfu. Sömuleiðis krafðist hann í stefnu, að stefndi yrði dæmdur í sekt fyrir að hafa rofið umræddan samning, en við munnlegan flutning málsins féll umboðsmaður hans frá þeirri kröfu með skírskotun til þess, að samskonar kröfu hefði verið hrundið með dómi þessa réttar í málinu nr. 26/1939.

Loks hefir hann krafizt málskostnaðar samkvæmt mati dómsins.

Stefndi hefir krafizt sýknu og málskostnaðar.

Koma þá til athugunar kröfur stefnanda.

Um 1. Stefnandi ... (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939 bls. 55.)

Um 2. Samkvæmt ... (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939.)

Vegna framkomu sveinafélags múrara eftir að dómur féll hér í rétti 13. okt. f. á. í máli Jóns Eiríkssonar, og sem nánar er lýst í dómi þessa réttar í málinu nr. 26/1939, hafði stefnandi máls þessa aukna ástæðu til þess að fá með dómi skorið úr um gildi sammings síns gagnvart sveinafélaginu, enda þótt hann hefði ekki uppi skaðabótakröfu á hendur því, og þykir því, m. a. af þeirri ástæðu, rétt að dæma honum málskostnað úr hendi stefnda, er ákveðst kr. 50.00.

Dvi dæmist rétt vera:

1. Framangreindur samningur milli aðilja máls þessa, dags. 18. júlí 1939, fullnægir skilyrðum 6. gr. laga nr. 80/1938, um vinnusamninga, og gilda um hann ákvæði nefndrar greinar.
2. Stefnanda, Ásmundi Vilhjálmssyni, er heimilt að vinna sjálfum við verk þau, er falla undir 1. lið framangreinds sammings.

Stefndi, Sveinafélag múrara, greiði stefnanda, Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Ásmundar Vilhjálmssonar, kr. 50.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.